


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	ENSK 2 LS 05 Fjarkennsla	Kennsluáætlun haustönn 2016

Kennari	Guðjón Ólafsson	Sk.st.	GÓL
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á tjáningu, lestur texta, ritun og undirstöðuatriði enskrar málfræði með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Einnig er hugtakið menningarlæsi kynnt með umburðarlyndi gagnvart öðrum menningarheimum í huga. Lesnir verða valdir rauntexar, auk þess sem nemandinn les valin skáldverk. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum með sérstaka áherslu á formlega ritgerðarsmið þar sem unnið er með upplýsingar sem nemandur afla sér, t.d. á Internetinu.

Kennslan fer öll fram í gegnum tölvu. Allir lestextar, æfingar og annað sem nemandur þurfa að skoða, nema ein skáldsaga, verður sett á Moodle vefumhverfi. Nemandur þurfa að hafa nýlegan vefskoðara, t.d. Mozilla Firefox eða Google Chrome, í tölvum sínum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum enskrar menningar og tungu
- menningu og tungu í enskumælandi samfélögum
- almennum málfræðireglum
- sérkennum ritmáls og talmáls

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita almennum málfræðireglum í ræðu og riti
- nota orðabók og viðeigandi hjálpargögn
- tjá kunnáttu sína skriflega
- lesa og greina bókmenntatexta

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- tjá sig í ræðu og riti á ensku
- verða sjálfbjarga í upplýsingaöflun á ensku
- geta aflað sér upplýsinga um ensk málsamfélög
- lesa sér til gagns og gamans.

Námsgögn:

- Leskaflar með ýmsum gagnvirkum æfingum - á Moodle
- Ensk málfræði og málnotkun - á Moodle
- Smásögur - á Moodle
- Skáldsaga: *Holes* eftir Lois Sachar — fæst í flestum bókabúðum, en einnig er hægt að fá bæði bók, rafbók (Kindle) og hljóðbók á Amazon.co.uk. (Bókin hefur verið kvikmynduð, en myndin og bókin eru ekki eins!)

Áætlun um yfirferð:

Námsefni annarinnar er skipt í tólf vikur. Námsefni er sett fyrir einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) og fylgja því leiðbeiningar í fréttaspjalli og/eða pósti, þar sem greint

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	ENSK 2 LS 05 Fjarkennsla Kennsluáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

er frá því hvaða efni skuli unnið og hvernig. Verkefnin koma einnig fram á dagatalinu. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því, að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Dragist skil fram yfir þann tíma, án þess að fullnægjandi skýring sé gefin, er hugsanlegt að svo verði lítið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn en á fyrri hluta maí á vorönn. Próftafla fjarkennsluáfanga verður birt með hæfilegum fyrirvara á hverri önn.

ATHUGAÐU! Komi til þess að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi sem greitt er til Verkmenntaskólans á Akureyri.


Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemanda í Moodle. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Á önninni fá nemendur eina annareinkunn samkvæmt skólareglum. Þessi annareinkunn er samsett úr þessum einkunnum:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Próf tekið samkvæmt prófatöflu fjarkennslu VMA:		55%
Smásöguverkefni	Fjögur jafngild verkefni:		15%
Skáldsöguverkefni	Ritgerð úr skáldsögu:		10%
	Spurningar úr skáldsögu, fimm jafngild verkefni:		5%
Annað	Vikulegar æfingar og verkefni unnin á Moodle, öll jafngild:		15%
	Samtals:		100%

Lágmarkseinkunn er 5. Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	ENSK 2 LS 05 Fjarkennsla Kennsluáætlun haustönn 2016	


Efnisskipting:

Vika	Lesson	Grammar	Use of English	Literature
1	Titanic		Commas to introduce, commas to separate	Fyrsta smásagan lesin: "The Awful Fate of Melpomenus Jones"
2	Somewhere to live	Modal verbs - ability, permission, and obligation	Commas to enclose, commas to indicate omission, unnecessary commas.	Byrja að hraðlesa skáldsöguna <i>Holes</i> . Lesa kafla 1-10
3	Luck	Modal verbs - probability / possibility / deduction	English weights and measures	Unnin verkefni úr "The Awful Fate of Melpomenus Jones" Próf úr köflum 1 - 10 úr <i>Holes</i> Lesað áfram kafla 11 - 20.
4	Family	Reported speech	English weights and measures	Önnur smásagan lesin: "The Rivals" Próf úr köflum 11 - 20 úr <i>Holes</i> Lesað áfram kafla 21 - 30
5	One Small Step ...	Reported speech, Reported questions	Phrasal verbs	Próf úr köflum 21-30 úr <i>Holes</i>
6	Nature	Past perfect simple Past perfect continuous	Phrasal verbs	Unnin verkefni úr "The Rivals" Próf úr köflum 31-40 úr <i>Holes</i>
7	Stratford-Upon-Avon	Future perfect	Phrasal verbs	Þriðja smásagan lesin: "The Secret Life of Walter Mitty" Próf úr köflum 41-50 úr <i>Holes</i>
8	Crime	Relative clauses	English idioms	Sýnt hvernig rita á Five Paragraph Essay og beinagrind skilað
9	Graffiti	Relative clauses	English idioms	Unnin verkefni úr "The Secret Life of Walter Mitty"
10	The Happy Star	Active / Passive		Fjórdá smásagan lesin: "The First Seven Years" Five Paragraph Essay full unninn og skilað
11	Technology and Chatting	Active / Passive		Skáldsöguritgerð lokið og skilað
12	Conmen		English idioms	Unnin verkefni úr "The First Seven Years"

Réttur til breytinga er áskilinn. Ef til þess kemur, verður gerð grein fyrir þeim með sérstökum tilkynningum til nemenda.

Dagsetning: 8. september 2015


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils